

448. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði, miðvikudaginn 14. nóvember 2012 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigpórsdóttir (EIS), Birna Benediktsdóttir (BB), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH) og Ása Jónsdóttir (ÁJ).

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari

Oddviti óskaði eftir afbrigði við dagskrá, tekinn verði á dagskrá liður nr.5 fundargerð 71.fundar skólanefndar og liður nr. 6 ákvörðun útsvarshlutfalls fyrir árið 2013. Aðrir liðir færast neðar sem því nemur.

Oddviti lýsti fundinn lögmætan.

Gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. 1211003 - Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis 26.október 2012

Fyrir fundinum liggur fjárhagsáætlun Heilbrigðisnefndar Vestfjarða fyrir árið 2013. Samþykkt samhljóða. Fundargerð tilkynningar.

2. 1211004 - Fundargerð stjórnar NAVE 15.október 2012

Hreppsnefnd lýsir ánægju með að fundargerðir NAVE komi eftirleiðis til kynningar.

3. 1211006 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 800.fundar stjórnar 26.október 2012

Lagt fram til kynningar.

4. 1211008 - Fundargerðir stjórnar FV 3.og 31.október 2012

Lagt fram til kynningar.

5. 1211006F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 71

4.málgrein 1. töluliðar, er varðar framkvæmdir á skólalóð, tekin út til afgreiðslu. Hreppsnefnd vísar erindinu til fjárhagsáætlunar 2013. Samþykkt samhljóða. Fundargerðin að öðru leyti staðfest.

6. 1211051 - Ákvörðun útsvarshlutfalls 2013

Hreppsnefnd samþykkir að útsvarshlutfall árið 2013 verði leyfilegt hámarksútsvar, þannig að álagningarhlutfall verði 14,48%. Samþykkt samhljóða.

7. 1103039 - Borun vinnsluholu í landi Litla-Laugardals

Guðmundur Karl framkvæmdastjóri Rætkunarsambands Flóa og -Skeiða var á símafundi með hreppsnefnd og samkvæmt því á verkið að hefjast í desember.

8. 1211050 - Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2013 og 2014-2016, fyrri umræða.

Álagning 2013.

Útsvar: Álagning ársins 14,48 %

Lagt er til að álagning fasteignagjalda, lóðarleigu, holræsa- og vatnsgjalda verði óbreytt frá fyrra ári :

Fasteignagjöld : A : Íbúðarhúsnæði 0,5% af heildar fasteignamati

B : Opinbert húsnæði, 1,32% skv. lögum þar um.

C : Atvinnuhúsnæði 1.65% af heildar fasteignamati

Lóðarleiga :

A : Íbúðarhúsalóðir 2% af fasteignamati lóðar.

B og C : Lóðir vegna atvinnurekstar 3% af fasteignamati lóðar.

Holræsagjald : 0,30 % af heildar fasteignamati.

Vatnsgjald :

Íbúðarhúsnæði (A) 0,25 % af heildar fasteignamati.

Atvinnuhúsnæði (B og C) 0,50% af heildar fasteignamati.

Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld og önnur þjónustugjöld verða ákveðin við aðra umræðu sem og tekjuviðmið vegna afsláttar á fasteignagjöldum fyrir eldri borgara og öryrkja.

Styrkveitingar, umsóknir :

Tvær umsóknir hafa borist frá Sögufélagi Barðastrandarsýslu og Ungmennafélagi Tálknafjarðar.

Umsóknarfrestur um styrki er til 16.nóvember 2012.

Oddviti (EIS) fór yfir forsendur og lykiltölur fjárhagsáætlunar og leggur fram fyrstu drög af rekstaráætlun fyrir Tálknafjarðarhrepp og stofnanir hans árin fyrir 2013 - 2016, að gefnum þeim forsendum sem að ofangreininir og leggur til að hreppsnefnd vísi fjárhagsáætlun fyrir Tálknafjarðarhrepp og stofnanir hans fyrir árin 2013 - 2016 til síðari umræðu sem fer fram þann 12.desember 2012.

Samþykkt samhljóða.

9. 1211047 - Landsbyggðin lífi - umsókn um styrk.

Verðugt málefni en styrkbeiðni hafnað. Samþykkt samhljóða.

10. 1211005 - SÁÁ Betra líf - mannúð og réttlæti

Hreppsnefnd tekur undir að SÁÁ rekur mjög þarfa starfsemi, sem þarf öflugan stuðning en tekur ekki afstöðu að öðru leyti.

Hreppsnefndarmönnum er bent á að vilji þeir lýsa stuðningi við málefnið, að rita nöfn sín á stuðningsyfirlýsingu við frumvarpið.

Samþykkt samhljóða.

11. 1211044 - Stígamót - fjárbeiðni fyrir árið 2013

Þarft málefni, en erindinu hafnað. Samþykkt samhljóða.

12. 1210052 - Umhverfis- og auðlindaráðuneytið skipun í Breiðafjarðarnefnd til næstu fjögurra ára

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps mótmælir þeirri ákvörðun ráðherra, Svandísar Svavarsdóttur, að fara gegn tillögu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar um skipan aðal- og varamanna í Breiðafjarðarnefnd til næstu fjögurra ára, á þann hátt að hafa sett þann einstakling sem skipaður var til vara sem aðalman og öfugt.
Samþykkt samhljóða.

13. 1211049 - Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis óskar eftir umsögn um frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs, 120.mál.

Oddviti falið að senda inn umsögn.
Samþykkt samhljóða.

14. 1211046 - Varasjóður Húsnæðismála - Húsnæðismál sveitarfélaga, ráðstefna 16. nóvember 2012 Akureyri

Enginn fulltrúi sér möguleika á að mæta til fundarins.
Samþykkt samhljóða.

15. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Oddviti verður í fríi frá 16.- 26.nóvember.

16. 1211048 - Jöfnunarsjóður sveitarfélaga - Framlag nýbúafræðslu 2013

Lagt fram til kynningar.

17. 1211001 - Aukaaðalfundur Landskerfis bókasafna hf.

Lagt fram til kynningar.

18. 1210051 - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, neysluvatnssýni

Lagt fram til kynningar.

19. 1210045 - Jöfnunarsjóður sveitarfélaga uppgjör á framlagi vegna lækkaðra fasteignaskattstekna 2012

Lagt fram til kynningar.

20. 1210053 - Línudans ehf., raforkuflutningskerfi - þróun og uppbygging

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:15.
